



Lúxemborg, 4. maí 2020

FRÉTTATILKYNNING 03/2020

Dómur í máli E-6/19 sakamál á hendur H og I

EFTA-DÓMSTÓLLINN VEITIR RÁÐGEFANDI ÁLIT UM UMFANG UNÐANÞÁGU FYRIR SÉRHÆFÐ ÖKUTÆKI SEM FLYTJA PENINGA OG/EÐA VERÐMÆTI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit við spurningum frá áfrýjunardómstóli í Liechtenstein (*Fürstliches Obergericht*) um túlkun á Reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhfingu tiltekinna ákvæða félagsmálaggjafarinnar er varða flutninga á vegum („reglugerðin“).

H og I eru starfsmenn liechtensteinsks fyrirtækis sem veitir öryggisþjónustu. Fyrirtækið flytur peninga og/eða verðmæti og hefur flota af brynvörðum ökutækjum. Eftir athuganir liechtensteinskra lögregluþyrvalda í júní 2018, voru H og I ákærðir fyrir brot gegn ákvæðum liechtensteinskra laga um hvíldartíma og eftirlit. H og I voru sýknaðir á fyrsta dómstigi. Hins vegar var þeim dómi áfrýjað til framangreinds áfrýjunardómstóls.

Áfrýjunardómstóllinn hefur óskað eftir túlkun EFTA-dómstólsins á undanþágu fyrir sérhæfð ökutæki til flutninga á peningum og/eða verðmætum í m-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, ásamt því hvort að undanþágan nái einnig til tómrar ferða og fylgdarökutækja, hvort viðurlög samkvæmt 19. gr. séu nauðsynleg eða í samræmi við meðalhóf ef ferðirnar eiga sér stað á landsvæðum EES-ríkja sem veitt hafa slíka undanþágu; og hvort að ökumaður verði að skrá allan þann tíma, sem notaður er eins og lýst er í e-lið 4. gr. og sem notaður er til þess að keyra slík sérhæfð ökutæki, sem „aðra vinnu“ samkvæmt 5. mgr. 6. gr., ef slík undanþága hefur verið veitt.

EFTA-dómstóllinn taldi að undanþágan í m-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar gildir bæði um tómar ferðir og fylgdarökutæki, að því tilskildu að fylgdarökutækið falli innan gildissviðs reglugerðarinnar og myndi órjúfanlegan og nauðsynlegan hluta af flutningi sérhæfða ökutækisins á peningum og/eða verðmætum.

Þar að auki, taldi EFTA-dómstóllinn að ef að ferðir ættu sér stað á landsvæði EES-ríkis sem veitt hefur undanþágu samkvæmt m-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, og öll sérstök skilyrði sem slík undanþága kann að vera bundin eru uppfyllt, mætti hvorki beita viðurlögum samkvæmt 19. gr. reglugerðarinnar né væri beiting viðurlaga nauðsynleg eða í samræmi við meðalhóf, þar sem ekkert brot hafi átt sér stað.

Þá komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að reglugerðin krefjist þess ekki að ökumaður sérhæfðs ökutækis sem flytur peninga og/eða verðmæti verði að skrá allan þann tíma, sem notaður er eins og lýst er í e-lið 4. gr. og sem notaður er til þess að keyra slík sérhæfð ökutæki, sem „aðra vinnu“, þegar EES-ríki hefur veitt undanþágu samkvæmt m-lið 1. mgr. 13. gr.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.